

Fjarskiptakerfi

- Grunn innviðir (aðstaða)
- Grunn flutningskerfi (sambönd)
- Farsími
- Fastlínusími
- Tetra öryggisfjarskipti
- Útvarpssendingar
- Strandsstöðvakerfi (VSS, AIS)

Aðilar:

- Míla
- Neyðarlínan
- Nova
- RÚV
- Síminn
- Vodafone

Lýsing

Gera þarf úttekt á fjarskiptastöðum frá Egilsstöðum að Húnaflóa með það að markmiði að skrá varaafli á helstu fjarskiptastöðum til að halda gangandi grunneti Mílu og Vodafone ásamt farsímasendum, Tetra öryggisfjarskiptum og útvarpssendingum. Í framhaldinu verði gerð áætlun um úrbætur sem miða að því að uppitími þessara fjarskiptakerfa verði aukinn svo íbúar geti hringt í 112.

Þar sem ekki eru til lög um uppitíma fjarskiptakerfa er mikilvægt að aðilar komi sér saman um lágmarksuppitíma fjarskiptakerfanna í rafmagnsleysi.

Miðað er við að Míla sjái um varaafli í sínum fjarskiptahúsum með aukinni rafgeymastoðveitu eða varaafsvélum. Neyðarlínan setji varaafsstöðvar við sín fjarskiptahús ásamt fjarskiptahúsum RÚV og Vodafone.

Gert er ráð fyrir að stofnkostnaður við aukna stoðveitu verði styrktur af ríkinu en rekstur þeirra verði á vegum Mílu og Neyðarlínunnar. Rekstrarkostnaði fjarskiptafélaganna verði haldið í lágmarki enda greiði ríkissjóður stofnkostnað að mestu.

Þörf er á að bæta einnig við færanlegum varaafsstöðvum á valda staði um landið. Þau hús sem eiga að geta tekið við rafstöðvarafmagni þurfa á sama hátt að vera með staðlaðan tengimöguleika við rafstöðvar.

Forgangsröðun fjarskiptastaða

Fjarskiptafyrirtækin þurfa að fara yfir og kortleggja hvaða staði er mikilvægast að verja með auknu varaafli. Til hliðsjónar skal huga að eftirfarandi þáttum:

- Mikilvægi vegna nálægðar við notendur
- Mikilvægi vegna grunnetstenginga
- Aðgengi að fjarskiptastað (í óveðri)

Tæknilegar útfærslur

Aðilar komi sér saman um útfærslu á hverjum stað miðað við þarfir. Taka þarf í þá vinnu álagsþörf og þörf á loftræstingu hvaða leið er farin.


Rekstur

Gera þarf keyrslu- og álagsprófanir reglulega, fylgjast með olíu á vararafstöðvum o.fl. Rekstraraðili ber ábyrgð á þessum atriðum.


Næstu áfangar

Í framhaldi þessarar vinnu þarf að vinna sambærilega úttekt á öðrum landssvæðum á sama hátt.


Reykjavík 7. janúar 2020




Míla



Neyðarlínan




Nova



RÚV



Síminn



Vodafone